



SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA

Association of Icelandic Insurance Companies

Alþingi

Erindi nr. P 130/1496

komudagur 24.3.2004

S/77

Suðurlandsbraut 6
108 Reykjavík
Sími/Tel.: +354-568 1612
Bréfsími/Fax: +354-568 9664

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

22. mars 2004

Efni: Um frumvarp til innheimtulaga, 223. mál.

Með bréfi efnahags- og viðskiptanefndar, dags. 1. mars sl., var óskað umsagnar Sambands íslenskra tryggingafélaga um ofangreint þingmál. Eftirfarandi atriðum skal hreyft af þessu tilefni:

1. Tilgangur þessa frumvarps er að setja meginreglur um innheimtu gjaldfallinna peningakrafna í því skyni að bæta stöðu skuldara. Má á það fallast með flutningsmönnum frumvarpsins að ástæða sé til að styrkja stöðu neytenda á þessu sviði og bæta innheimtuhætti hér á landi.
2. Í 3. gr. er talið meðal skilyrða fyrir því að aðila skuli heimilt að innheimta fyrir aðra, að hann hafi m.a. starfsábyrgðartryggingu vegna þeirrar starfsemi. Í 14. gr. er tryggingu þessari frekar lýst. Getur hún bæði verið í formi váttryggingar og ábyrgðar banka eða sparisjóðs, og tekur til tjóns sem rakið verður til gáleysis. Á síðustu árum hefur lögmæltum starfsábyrgðartryggingum sérfræðistétta mjög farið fjölgandi, og hefur sú lagaþróun orðið undir merkjum aukinnar neytendaverndar. Sú trygging, sem mælt er fyrir um í 14. gr., er í höfuðatriðum áþekk því sem gildir um aðrar stéttir, þ.m.t. um váttryggingarfjárhæðir. Þó verður að vekja athygli á því, að meginreglan er, að ábyrgð gagnvart tjónpola falli niður fjórum vikum eftir að váttryggingafélag/ábyrgðaraðili tilkynnti um niðurfellingu starfsábyrgðartryggingar eða ábyrgðar, en í frumvarpinu er miðað við átta vikur. Sýnist þar óþarflega vel í lagt, og engin rök sem mæla með því, að ábyrgð skuli gilda svo lengi eftir tilkynningu um lok tryggingar. Lagt er til, að miðað verði við fjórar vikur í stað átta vikna.

Þar sem váttrygging/ábyrgð er skilyrði starfsleyfis sýnist eðlilegra, að tilkynningu um niðurfellingu tryggingarinnar, og þar með að starfsleyfisskilyrði séu ekki fyrir hendi, sé komið á framfæri við leyfisveitandann eins og jafnaðarlega tíðkast. Í 14. gr. frumvarpsins er á hinn bóginn eftirlitsaðilinn nefndur til sögu, sem viðtakandi tilkynningar.

Venjan er sú, þegar um lögboðnar váttryggingu er að ræða, að í lögnum sjálfum og/eða í sérstakri reglugerð um tryggingarskyldu viðkomandi stéttar/starfsgreinar, sé ákvæði um að váttryggingarskilmálar skuli látnir hlutaðeigandi fagráðuneyti í té áður en váttryggingin er boðin á markaði. Einnig er iðulega ítrekað, að skilmálana skuli og á sama hátt leggja fyrir Fjármálaeftirlitið, þótt í lögum um váttryggingastarfsemi sé slíkt almennt ákvæði að finna varðandi lögboðnar váttryggingar. Er hér með vakin athygli á þessu, þar sem slíkt ákvæði er ekki að finna í frumvarpinu.

Ákvæði frumvarpsins um starfsábyrgðartryggingu er heldur ítarlegra en tíðkast í öðrum lögum. Þar er yfirleitt að finna sérstaka reglugerðarheimild, þar sem ítarlegar er kveðið á um tryggingarskylduna og gildissvið váttryggingarinnar/ábyrgðarinnar, þ.m.t. tilhögun eigin áhættu og áhrif hennar á rétt tjónþola o.s.frv. Athugunarefni er, hvort slík sérstök reglugerðarheimild ætti ekki einnig við hér, þótt almenna reglugerðarheimild sé að finna í 18. gr. frumvarpsins.

3. Í 1. mgr. 4. gr. og að sínu leyti einnig í 2. mgr. 4. gr. er að finna skilyrði fyrir því, að aðilar fái innheimtuleyfi. Gera verður strangari kröfur en almennt tíðkast til þeirra, sem eru að sýsla með fjármuni og verðmæti annarra. Á síðustu árum hefur verið leitast við að taka á þessum atriðum með samræmdum hætti, t.d. í lögum um váttryggingastarfsemi (kröfur til stofnenda, stjórnarmanna og framkvæmdastjóra félaga og til váttryggingamiðlara) og í lögum um fjármálafyrirtæki (kröfur til stjórnarmanna og framkvæmdastjóra o.s.frv.). Þessi skilyrði hafa verið mótuð með réttarvörslu-, jafnræðis- og sanngirnissjónarmið í huga. Til að skýra þessi sjónarmið, skal hér tilfært í dæmaskyni eftirfarandi úr 52. gr. laga nr. 161/2002, en þar er fjallað um hæfisskilyrði stjórnar og framkvæmdastjóra í fjármálafyrirtækjum:


„Stjórnarmenn og framkvæmdastjórar fjármálafyrirtækis skulu vera lögráða. Þeir mega ekki á síðustu fimm árum hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota eða í tengslum við atvinnurekstur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað samkvæmt almennum hegningarlögum, þessum lögum, eða löggjöf um hlutafélög, einkahlutafélög, bókahald, ársreikninga, gjaldþrot eða opinber gjöld eða þeim sérlögum sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi“.

Lagt er til, að horft verði til ofangreindra sjónarmiða, og 4. gr. frumvarpsins verði breytt til samræmis við þau.

4. Í frumvarpinu er að finna allítarlegar kröfur og hæfisskilyrði til þeirra aðila, sem annast innheimtu gjaldfallinna peningakrafna auk þess sem slík starfsemi verður leyfissskyld. Í 15. gr. er auk alls þessa mælt fyrir um sérstakt eftirlit með starfsemi innheimtuaðila, og skuli það í höndum Fjármálaeftirlitsins. Miðað við efni og uppbyggingu frumvarpsins og þær auknu kröfur, sem þar er að finna með innheimtustarfsemi, felst í frumvarpinu í raun eins konar „innbyggt eftirlit“. Þeir sem ekki lengur uppfylli skilyrði, missi starfsleyfið. Sá sem veitti leyfið, þ.e. í

Þessu tilviki viðskiptaráðuneytið, t.d. sé tryggingarskyldunni ekki lengur fullnægt, sviptir einfaldlega hlutaðeigandi innheimtuaðila starfsleyfinu. Alltof viðarhlutamikið er miðað við eðli þeirrar starfsemi, sem hér um ræðir, að mæla fyrir um að Fjármálaeftirlitið skuli hafa eftirlit með starfseminni. Sýnast verkefni Fjármálaeftirlitsins, og raunar hvers konar eftilitsstofnana hér á landi, ærin fyrir, þótt starfsemi af þessu tagi verði ekki eftirlitsskyld. Er eindregið lagt til, að horfið verði frá slíkum hugmyndum.

Með vinsemd og virðingu,
SAMBAND ÍSLENSKRA TRYGGINGAFÉLAGA



Sigmar Ármannsson